



Takmörkuð flutningstrygging

Skilmáli nr. MC20

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. MC20.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Takmörkuð flutningstrygging tekur eingöngu á þeim bótaþáttum sem taldir eru sérstaklega upp í tryggingunni. **Víðtæk flutningstrygging** bætir allt tjón á farmi nema það sem er sérstaklega undanskilið.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. **Skírteini** staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

Farmur er samheiti yfir þær vörur sem tryggðar eru í þessum skilmála.

1. Hvað er tryggt?

- 1.1 Farmur sem tilgreindur er í skírteini og/eða farmtryggingarsamningi.
- 1.2 Hægt er að tryggja auk viðverðmæti farms.

2. Hver er tryggður?

- 2.1 Eigandi farms.
- 2.2 Tryggingin er ekki til hagsbóta fyrir þá sem eiga fjárhagslega hagsmuni í farminum, t.d lánastofnanir eða aðra veðhafa, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá VÍS, en þá öðlast þeir aldrei meiri rétt gagnvart VÍS en tryggður.¹

3. Hvar gildir tryggingin?

- 3.1 Í flutningi til og frá þeim stöðum sem koma fram í skírteini og/eða farmtryggingarsamningi.

4. Flutningsaðili

- 4.1 Tryggingin gildir eingöngu þegar farmur er fluttur með viðurkenndum flutningsaðila.

5. Hvað bætir tryggingin?

- 5.1 Tryggingin bætir tjón á hinum tryggða farmi af völdum:
 - a) Elds eða sprengingar.
 - b) Þess að skip eða flutningsfar strandar, tekur niðri, sekkur eða hvolfir.
 - c) Þess að flutningstæki á landi hvolfir eða fer út af spori.
 - d) Þess að skip, flutningsfar eða flutningstæki rekst á eða snertir fastan eða fljótandi ytri hlut.
 - e) Losunar á farmi í neyðarhöfn.
 - f) Jarðskjálfta, eldgoss eða eldingar.
 - g) Samtjónsfórnar.
 - h) Þess að farmi er varpað fyrir borð eða honum skolar fyrir borð.
 - i) Þess að sjór eða ósalt vatn úr stöðuvatni eða á kemst í skip, flutningsfar eða flutningstæki, gáma, flutningsvagna eða geymslustað.
 - j) Algers tjóns á sjálfstæðum einingum sem falla fyrir borð eða detta niður við lestun eða losun skips, flutningsfars eða flutningstækis.
- 5.2 Samtjónsframlög og björgunarkostnað sem jafnað er niður eða ákveðinn er samkvæmt flutningssamningnum og/eða gildandi lögum og venjum og stofnað er til í þeim tilgangi að forðast hvers konar tjón.
- 5.3 Tjón tryggðs vegna endurkröfu sem kann að falla á hann sem eiganda farms vegna sérreglu um ábyrgð, í beggja sök í árekstri (Both to Blame Collision Clauses) í flutningssamningi.

¹ Sbr. ákvæði um meðváttryggingu í 39. og 41.-43. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



6. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 6.1 Tryggingin bætir ekki skemmdir, kostnað eða það að vara glatast ef það stafar af:
- Venjulegum leka, venjulegri rýrnun í þunga eða rúmmáli, eðlilegu sliti eða tæringu á hinu tryggða.
 - Innri skemmd eða eðli hins tryggða.
 - Töf, jafnvel þótt hún hafi orðið vegna bótaskylds tjóns. Þetta gildir þó ekki um kostnað sem fellur undir gr. 5.2 hér að framan.
 - Gjaldþroti eða fjárhagslegum vanefndum eiganda skips, leigutaka eða rekstraraðila þess.
 - Skemmdarverkum.
 - Farbanni, fartöf eða kyrrsetningu eða tilrauna til slíks og afleiðingum sem af því stafa.
 - Tundurdurflí, tundurskeyti, sprengju eða öðrum yfirgefnum stríðsvopnum.
 - Hryðjuverkum eða pólitískum aðgerðum.
- 6.2 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara, sbr. þó f lið í gr. 5.1.

7. Varúðarreglur

- 7.1 Tryggður skal sjá til þess sjálfur eða í samráði við seljanda vöru og/eða flutningsaðila að umbúðir og frágangur vöru til flutnings sé fullnægjandi með hliðsjón af því sem verið er að flytja.
- 7.2 Ef tryggður eða aðilar í hans þjónustu vita að senda á farm með skipi sem er óhaffært eða flutningsfari, flutningstæki, gámi eða flutningsvagni sem óhæfur er til öruggs flutnings skulu þeir sjá um að farmurinn sé ekki sendur af stað.

8. Upphaf og lok ábyrgðar

- 8.1 Tryggingin hefst um leið og sjálfur flutningurinn, þ.e. þegar farmur er tekinn úr húsi eða annarri geymslu á sendingarstaðnum sem nefndur er í skírteini og heldur gildi á venjulegri flutningsleið til ákvörðunarstaðar.
- 8.1.1 Upphaf ábyrgðar samkvæmt tryggingunni hefst þó ekki fyrr en áhætta af farmi hefur flust yfir á tryggðan samkvæmt þeim afhendingarskilmála sem fram kemur í kaupsamningi. Tryggður getur því aðeins krafist VÍS um bætur ef hann hefur átt tryggingarhæfa hagsmuni í farmi á þeim tíma þegar tjónið varð.
- 8.2 Tryggingunni lýkur við það sem fyrst gerist af þessu þrennu:
- 8.2.1 Við komu farms í hús móttakanda eða á aðra endanlega geymslu á ákvörðunarstaðnum, sem nefndur er í skírteini.
- 8.2.2 Við komu í annað hús eða geymslu á ákvörðunarstaðnum og á leið þangað, þótt ekki sé um venjulega flutningsleið að ræða, enda hafi tryggður valið þann stað til geymslu, sölu eða dreifingar.
- 8.2.3 Sextíu dögum eftir að farmur var losaður úr skipinu í endanlegri uppskipunarhöfn.
- 8.3 Ef farmur er losaður í endanlegri uppskipunarhöfn og ákveðið verður, áður en tryggingunni lýkur að senda hann annað en til ákvörðunarstaðarins, lýkur tryggingunni eins og kveðið er á um í 9.2 hér að framan, en þó aldrei síðar en þegar flutningurinn til nýja ákvörðunarstaðarins hefst.
- 8.4 Tryggingin heldur gildi sínu (með sömu ákvæðum um slit hennar eins og að ofan greinir og ákvæðum í gr. 9.5 hér á eftir) ef töf verður á ferð sem tryggður fær ekki um ráðið, svo og þegar vikið er af leið, losað er í neyð, endurlastað eða umskipað eða meðan á sérhverri breytingu á ferð stendur, ef þetta á sér stað samkvæmt heimild í flutningssamningi við eiganda skips eða leigutaka þess.
- 8.5 Ef flutningnum verður slitið áður en honum átti að ljúka eða flutningnum lýkur á annan hátt áður en farmur kemst til skila á ákvörðunarstaðnum, sbr. gr. 9.2 hér að framan, og tryggður fær engu um þetta ráðið, þá lýkur tryggingunni um leið. Nema tryggður tilkynni VÍS þegar í stað um hvernig komið er og óski eftir framlengingu á tryggingarsamningnum. Heldur þá tryggingin gildi sínu annað hvort:
- 8.5.1 Þar til farmur er seldur í slíkri höfn eða í 60 daga eftir komu farms til slíkrar hafnar eða staðar, hvort heldur fyrr verður.
- 8.5.2 Þar til tryggingunni lýkur í samræmi við ákvæði gr. 9.5 hér að framan ef farmur er sendur áfram innan nefndra 60 daga til ákvörðunarstaðar sem tilgreindur er í skírteini eða annars ákvörðunarstaðar.
- 8.6 Ef tryggður breytir um ákvörðunarstað eftir að tryggingin hófst skal hann tilkynna það til VÍS tafarlaust. VÍS mun þá halda tryggingunni í gildi með þeim breytingum á skilmálum og verði sem um semst.

9. Háttsemi annarra

- 9.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur VÍS sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka tryggðs

Með afhendingarskilmálum er átt við staðlaða skilmála (t.d FOB, FCA og CIF) gefna út af International Chamber of Commerce (ICC).



- og einstaklings sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.²
- 9.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs og umsjónaraðila farmsins.

10. Áhættubreyting

- 10.1 Ef breyting verður á flutningsleið eða flutningsfari og það getur haft í för með sér aukna áhættu á tjóni skal tilkynna það VÍS tafarlaust. Um réttaráhrif áhættuaukningar fer eftir ákvæðum laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

11. Tryggingarfjárhæð

- 11.1 Tryggingarfjárhæð kemur fram í skírteini.

12. Bætur fyrir algert tjón

- 12.1 VÍS greiðir bætur fyrir algert tjón ef farmur hefur verið yfirgefinn, annaðhvort vegna þess að algert tjón á honum virtist óumflýjanlegt eða kostnaður við að bjarga honum, gera við hann og senda hann áfram til ákvörðunarstaðar samkvæmt skírteini og/eða farmsamningi fer fram úr verði hans þar.

13. Ákvörðun bóta

- 13.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 13.2 Sé aukið verðmæti farms tryggt bætist það í sama hlutfalli og hinn tryggði farmur.
- 13.3 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þá getur VÍS annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist þannig að það sé í sama eða svipuðu ástandi og fyrir tjón. Það telst fullnaðarviðgerð þó að sjá megi að gert hafi verið við hlutinn.
- 13.4 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS þá getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 13.5 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tryggingaratburð og verðmæti eftir tryggingaratburð.
- 13.6 Tryggður skal ekki hagnast á tryggingaratburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

14. Framsal

- 14.1 Tryggður má ekki án samþykkis VÍS framselja réttindi sín samkvæmt tryggingarsamningnum.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.

² Sbr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.